

Einn steinn myndar ekki fjallið, og það kennir oss líka, að langi oss til að sjá vora öld og samtíð auðgast af dæmum göfgis og mikilleika, þá fæst það aðeins með því, að „hver eftir mætti vinna reynir sitt“ — hjálpi til að hlaða fjallið. Og sundrung og dramb, hroki og eigingirni, hlaða aldrei það fjall. Meðan úr því á að hlaða verður þjóðin jafnan andlega smá. Finnist oss fátt um vora eigin tíma, dagar vorir daufir og leiðtogar vorir smáir og fátt um stóra menn, er skuldin ekki meira þeirra en vor.

Einn steinn myndar ekki fjallið, og það þarf að leggja meira en eitt eða tvö eða þrjú sandkorn undir þann stein, ef hann á að rísa hátt upp og verða vegamerki um langa tíð.

Það er almenn ímyndun margra söguritara að Jesú frá Nazareth hafi stofnsett kyrkjuna á jörðunni, að Marteinn Luther hafi endurbætt siðinn, og kunnum vér að nefna þau tvö nöfn þá höfun vér alla sögu andlegu hreyfinganna ofan til þessa dags á vorum tíu fingrum. Ekkert er stærri misskilningur en það. Þótt Jesú einn hefði lifað, hefði engin kyrkja orðið til. Þótt Marteinn Luther festi upp ágreinings atriði sín, á kyrkjuhurðina í Wittenberg, hefði engin siðaskifti komist á. Í hvoru tveggja tilfellinu hefði ekki eins manns æfi enzt til þeirra hluta. Jesú lét lífið á krossinum, þar með var öllu lokið er hann gat gjört. Ef ekki hefði komið maður á eptir honum, með víðtækari þekkingu, víðtækara starfssviði, — postulinn Páll, — er bætti lífi sínu og æfidegi við hans, hefði hreyfing Nazareans aðeins orðið bóla, er skjótt hefði hjaðnað á hinu ókyrra yfirborði mannglegra umbrota á þeirri tíð.

Sama má segja um Luther. Á undan honum voru margir gengnir, er vakið höfðu þá hugsun meðal manna, að verjast skoðana ófrelsi kyrkjunnar, og létu lífið í þeirri baráttu. Og ekkert hefði orðið úr þeirri hreyfingu hefði ekki fleiri hendur hjálpað jafnframt, og ef ekki hefði á eftir honum komið sá, er innsiglaði mannréttinda og trúfrelsis kröfu siðaskifta manna með blóði sínu; — konungurinn Gustaf Adolf II.

